



Emilía Gylfadóttir nýr forstöðumaður búsetukjarnans að Kirkjubraut, Jóhanna Ósk Ásgerðardóttir umsjónarmaður í málefnum fatlaðs fólks hjá Seltjarnarnesbæ, Þóra Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri Áss styrktarfélags, Ásgerður Halldórsdóttir fyrrum bæjarstjóri og ábyrgðarmaður í aðdraganda og upphafi framkvæmdanna og svo Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar.

Nýr búsetukjarni við Kirkjubraut

Nýr búsetukjarni hefur tekið til starfa á Seltjarnarnesi. Búsetukjarninn er við Kirkjubraut 20 og var opnaður með formlegum hætti 3. apríl sl.

Um er að ræða 553 fermetra húsnæði sem er í eigu Seltjarnarnesbæjar með sex einstaklingsíbúðum fyrir fatlað fólk ásamt starfsmannarými og sameiginlegri, bjartri sólstofu. - *Sjá nánar á bls. 6.*

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP





Er **apríl** þinn skoðunarmánuður?

Verið velkomin á **Grandann**



Frumherji



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Leiðari

Erfiður rekstur

Rekstur sveitarfélaga er erfiður. Rekstur Seltjarnarnesbæjar er Rengin undantekning.

Ástæður þess eru nokkrar. Vandí af völdum Covid faraldursins. Verðbólga á uppleið, hækkun vaxta og ófjármagnaðar kröfur ríkisins.

Áundanförnum árum hafa verkefni verið flutt frá ríki til sveitarfélaga. Þessum verkefnaflutningi hafa ekki fylgt tekjumöguleikar sem þurft hefði.

Nefna má að skuldbindingar sem ríkið hefur lagt á sveitarfélögin vegna málefna fatlaðra án nokkurrar fjármögnunar hafa myndað um 14 milljarða halla á rekstri sveitarstjórnarstigsins.

Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga er í engu samræmi við verkaskiptingu þeirra. Tekjustofnar sveitarfélaga eru lögbundnir. Verkefni þeirra eru einnig flest bundin í lög. Sveitarfélögin hafa fáttt um innkomu og útgjöld að segja.

Stjórnmaðlamenn á Alþingi virðast ekki átta sig á þessu. Þótt um Sþriðjungur þingmanna hafi setið í sveitarstjórnnum dugar það ekki til. Með þingsetu virðast þeir hverfa inn í aðra veröld.

Endurskoða þarf tekjumódel sveitarfélaga. Einnig þarf að stöðva Óófjármagnaðar kröfur ríkisvaldsins á hendur þeim. Þau verða að vera rekstrarhæf.

Kennsla á „snjalltæki“

Félag eldri borgara fyrirhugar að halda snjalltækja-námskeið fyrir félagsmenn sína. Námskeiðið er frítt og fer fram í Bókasafni Seltjarnarness, ef næg þátttaka fæst.

Námskeiðin eru tvö, annað hvort fyrir Android-notendur eða Apple-notendur. Hvert námskeið er haldið í fjögur skipti, í tvo tíma í senn, í tvær vikur. Fólk kemur með sín eigin tæki síma og/eða spjaldtölvur og kennsla fer fram á milli kl. 13:00-15:00. Nánari upplýsingar munu koma fram á FB-síðu „Eldri borgarar á Seltjarnarnesi“ þegar föst dagsetning verður komin á námskeiðin, en fyrirhugað er að halda þau í maí. Nánari upplýsingar fást í Bókasafninu eða hjá formanni FebSel, Kristbjörgu Ólafsdóttur, e-mail: feb@simnet.is. Sími: 894 0775.



FEBSEL
FÉLAG ELÐRI BORGARA
SELTJARNARNESI

Skatttekjur hækkuðu um 11% frá síðasta ári



Skatttekjur A hluta bæjarsjóðs Seltjarnarnesbæjar námu 4.020 m.kr. og hækkuðu um 11,2% frá síðasta ári. Laun og launatengd gjöld námu um 3.027 m.kr. og hækkuðu um 10,9% á milli ára. Annar rekstrarkostnaður var talsvert hærri en áætlun gerði ráð fyrir, eða 2.014 m.kr. og hækkaði um 12%.

Ástæður hærri rekstrarkostnaðar eru einkum hækkun aðfangaverðs vegna verðbólgu auk stórauðs launakostnaðar á fyrsta fjórðungi ársins vegna Covid19. Betri rekstrarniðurstæða en áætlun gerði ráð fyrir skýrist meðal annars af hærri tekjum, einkum útsvarstekjum. Þær voru 146 m.kr. yfir áætlun. Niðurstæða ársreiknings 2022 er í takti við verðbólgu og erfitt rekstrarumhverfi sveitarfélaga. Rekstrarhalli A og B hluta nam um 345 m.kr. á síðasta ári en áætlun gerði ráð fyrir 194 m.kr. halla. Til samanburðar nam halli samstæðunnar 566 m.kr árið 2021.

Skuldaviðmið er 80%

Langtímaskuldir A sjóðs nema 3.058 m.kr. og jukust um 124 m.kr. á árinu 2022. Langtímaskuldir samstæðunnar nema 3.662 m.kr. Á móti langtímaskuldum A sjóðs kemur núvirt krafa á ríkið vegna Hjúkrunarheimilisins Seltjarnar að upphæð 1.151 m.kr. sem lækkar skuldaviðmið bæjarins. Skuldaviðmið Seltjarnarnesbæjar var 80% í lok árs 2022 en var 76% í lok árs 2021. Þegar tekið hefur verið tillit til inneignar í leigusamningum ríkis og borgar nemur skuldaviðmiðið um 65%. Lögbundið hámark er 150%. Engin lán voru tekin árið 2022 og er skuldaviðmið bæjarfélagsins með því besta sem gerist meðal sveitarfélaga. Veltufé frá rekstri samstæðunnar jókst um rúmlega 100 m.kr á milli ára og nemur um 478 m.kr. samanber 352 m.kr. árið 2021. Veltufé frá rekstri segir til um fjárhagslega getu bæjarfélagsins til að greiða af lánunum og til fjárfestinga.

Lántaka vegna leikskóla

Á liðnu ári voru töluverðar framkvæmdir hjá bænum svo sem bygging búsetukjarna fyrir fatlað fólk auk malbikunarverkefna svo eitthvað sé nefnt. Á síðustu fimm árum hefur verið framkvæmt fyrir tæpa 4,5 ma.kr. Á yfirstandandi ári verður stærsta verkefnið að byggja nýjan leikskóla. Gert er ráð fyrir lántöku vegna leikskólabyggingar á yfirstandandi ári en þar er um að ræða síðustu stóru innviðauppyggingu bæjarfélagsins að sinni. Af öðrum verkefnum má nefna nýjan búsetukjarna fyrir fatlað fólk við Kirkjubraut 20 sem þegar hefur verið afhentur. Fyrsti áfangi skólalóðar Mýrarhúsaskóla er enn fremur á dagskrá. Áformað er að hefja framkvæmdir við endurbyggingu Félagsheimilis á þessu ári og ljúka þeim fyrir 50 ára afmæli bæjarins á því næsta.

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði
á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði
miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar
fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðuðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is



Dýrt að halda lágu útsvari

- segir minnihluti bæjarstjórnar

Minnihluti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar bendir á að á síðastliðnum sex árum hafi halli A sjóðs bæjarsjóðs sem lögum samkvæmt eigi að vera rekinn í jafnvægi náð 1800 milljónum. 1800 milljónir bera vaxtakostnað upp á rúmlega 200 milljónir á hverju ári miðað við meðalvexti á lánnum bæjarins og verðbólgu. Því sé dýrt fyrir íbúa bæjarins að halda lágu útsvari á sama tíma og ekki séu til peningar til að halda úti þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir og viðhalda þeim eignum sem við nú þegar eigum.



Minnihlutinn bendir á að framundan sé uppbygging nýs leikskóla sem mun kalla á lántöku upp á einn til tvo milljarða með tilheyrandi vaxtakostnaði. Stofnanir og samtök í bænum kalla eftir auknu viðhaldi og endurbótum á skólabyggingum, íþróttamannvirkjum, skólalóðum og félagsheimili bæjarins svo nokkur dæmi séu tekin. Minnihlutinn bendir á að bærinn hafi verið að ýta á undan sér viðhaldi og framkvæmdum vegna skorts á fjármunum á sama tíma og meirihlutinn flytur langar ræður um að reksturinn sé sterkur og forsendur séu fyrir því að lækka skatta.

Þá segir minnihlutinn ljóst að útsvarshækkunin sem samþykkt var af bæjarfulltrúum þvert á flokka hafi verið nauðsynleg til að verja rekstur bæjarins en einnig þurfi að leita nýrra leiða til að fjölga íbúum og selja lóðir til að fjármagna þær framkvæmdir sem bæjarfélagið standi frammi fyrir.

Tvö hraðaskilti á Nesveginum



Hraðaskilti við Nesveg gegnt Eiðistorgi.

Tvö hraðaskilti hafa verið sett upp á Nesveginum til að öikumenn geti betur fylgst með ökuhraða sínum og virt hámarkshraðann. Þetta er gert í öryggisskyni.

Skiltin vísa í gagnstæða átt og hafa verið sett upp þar sem gangandi og hjólandi umferð vegfarenda er mikil. Við biðlum til öikumanna að kalla græna broskarlinn alltaf fram á hraðaskiltunum.

Markaðsdagur á Eiðistorgi 6. maí

Markaðsdagur verður á Eiðistorgi laugardaginn 6. maí nk. Iris Gústafsdóttir hárgreiðslukona á Seltjarnarnesi er upphafsmanneskja að deginum. Hún er búin að íhuga þetta um tíma og undirbúa og hefur nú fengið leyfi fyrir markaðnum sem mun standa frá kl. 10.00 til kl. 17.00. Hún segir marga búna að skrá sig nú þegar til þess að til að selja og kveðst vonast til að líf og fjör verði á torginu.

Iris býr sjálf við Eiðistorgið og starfar í göngufæri frá því. Hún hefur mikinn áhuga á miðbæ Seltirninga og segir of lítið líf í þessum kjarna sem eigi að höfða bæði til Seltirninga og ekki síður Vesturbæinga. Iris rifjar upp að fyrir nokkrum árum hafi verið sölustarfsemi á torginu á laugardögum. Þar hafi fólk getað sett upp litla sölubása eða söluborð og boðið ýmsan varing. Talsvert líf hafi orðið til í kringum þetta. Fólk komið við, skoðað og verslað. „Ég vil gera tilraun til þess að endurvekja þetta. Búa til „Kolaportsstemningu“ á Eiðistorgi. Nú er búið að koma þessu í framkvæmd og þá er bara að mæta á torgið laugardaginn 6. maí.





TJÓNAVIÐGERÐIR



Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttínga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðvottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.





Hafðu samband núna



Droghda 6-8



567-0690



tjon@tjon.is



www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatid sem sent er til tryggingarféлага.



Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 – 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september


12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 – 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir



Ríkislögreglustjórnin

Nýr búsetukjarni hefur tekið til starfa á Seltjarnarnesi. Búsetukjarninn er við Kirkjubraut 20 og var opnaður með formlegum hætti 3. apríl sl. Þegar Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri afhenti Þóru Þórarinsdóttur framkvæmdastjóra Áss styrktarfélags lyklana að húsinu.

Um er að ræða 553 fermetra húsnaði sem er í eigu Seltjarnarnesbæjar með sex einstaklingsíbúðum fyrir fatlað fólk ásamt starfsmannarými og sameiginlegri, bjartri sólstofu með fallegu útsýni. Húsnaðið er mjög umhverfisvænt og rekstrarlega hagkvæmt auk þess sem það fellur vel inn í lóðina og nýtur sín í náttúrulegu umhverfi Valhúsahæðar. Staðsetning þess er miðsvæðis, stutt í alla þjónustu og fallega náttúru. Íbúðirnar eru mjög bjartar og vel hljóðeinangraðar. Þær henta vel fyrir hreyfihamlað fólk auk þess sem þær hafa allar sér verönd.

Að veita bestu mögulega þjónustu

Fyrsta skóflustungan að búsetukjarnanum var tekin þann 8. desember 2021 og nú 15 mánuðum síðar er húsið tilbúið til notkunar. Ás styrktarfélag mun annast rekstur starfseminnar og þjónustu við íbúa Kirkjubrautar samkvæmt þjónustusamningi sem Seltjarnarnesbær og Ás styrktarfélag gerðu nýverið



Búsetukjarninn er við Kirkjubraut 20.

Nýr búsetukjarni við Kirkjubraut

- bjartar og glæsilegar íbúðir fyrir sex einstaklinga

með sér. Markmið samningsins er meðal annars að veita fötluðu fólki sem samningurinn nær til, bestu mögulegu þjónustu í sértækri búsetu sem tók eru á að veita hverju sinni. Mikil ánægja ríkti þegar að lyklarnir höfðu farið manna á milli enda aðdragandinn langur, margir hafa komið að verkefninu og afraksturinn góður. Búsetukjarninn er allur hinn glæsilegasti. Húsnaðið er hannað af þeim Önnu Margréti Hauksdóttur arkitekt og Péttri Jónssyni hjá AVH samkvæmt hugmyndafræðilegum áherslum Áss styrktarfélags. AVH sá ennfremur um burðarþol og lagnir, Lúmx sá um ljósa-hönnun, Myrra hönnunarstofa um hljóðráðgjöf og Brunahönnun slf. um brunahönnun. Húsasmíði ehf. byggði húsnaðið en byggingarstjóri og eftirlitsaðili með verkefninu fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar var Jóhann Kristinsson hjá Strendingi ehf.



Þóra Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri Ás styrktarfélag tekur við lyklunum að búsetukjarnanum úr hendi Þórs Sigurgeirssonar bæjarstjóra.



Frá afhendingu búsetukjarnans í byrjun apríl.

Hundar velkomnir!

MATHÖLL

KETTIR-INDVERSKAR KÝR?

Á dögunum sótti ég ágætan fund bæjarstjórnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Þar kom fram að vegna sárrar reynslu síðasta sumars sé framundan stóratök til verndar fuglalífi. Er þá hugsað til Gróttu, Framness og Suðurness. Áherslan er á vernd kríuvarpsins fyrir minnum, en mófuglar og vaðfuglar njóta góðs af. Tæpt var og á lausagöngu katta yfir varptímamann. Alþekkt er að þeir eru í liði með minnum gegn fuglalífi bæjarins. Bæjarstjórinn sagði m.a. „það verður ekki ráðinn starfsmaður til að elta við ketti“ Ekki veit ég hvaðan Þór hefir þessa hugdettu, en ég er honum hjartanlega sammála.

Þá nefndi hann að móðir sín hefði iðulega kvartað undan kattafári! Það var kærri Þór á þeim tímum sem drottunargirni manna, sjálfseksa og skeytingarleysi gagnvart náttúrunni var alltumlykjandi. Nú eru aðrir tímar. Einnig nefndi bæjarstjóri að hann vissi ekki til að útivera katta væri nokkursstaðar takmörkuð.

Drjúgur áfangi til lausnar

Að a.m.k. eitt sveitarfélag hefir tekið af skarið og er því prýðilegt fordæmi fyrir hendi.

Fjallabyggð 2022:

11. gr. reglugerðar er svohljóðandi í dag:

Tillit til fuglalífs á varptíma: Eigendum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á kettina og takmarka útiveru þeirra.

11. gr. verður svohljóðandi eftir breytingu:

Tillit til fuglalífs á varptíma: Eigendum katta bera að taka tillit til fuglalífs á varptíma, þ.e. frá 1. maí til 15. júlí og takmarka útiveru þeirra. Lausaganga katta er bönnuð frá kl. 20 til kl. 08 á þeim tíma.

Reglugerð Seltjarnarness um kattahald hljóðar svo: Eigendum er skylt að taka tillit til fuglalífs á varptíma og að kettir raski ekki ró manna. Í lögreglusamþykkt segir: Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónáði eða raskar ró manna. Einungis þarf að bæta við reglugerðina banni við lausagöngu katta um nætur.

Auðveldum kattareigendum löghlýðni og tillitssemi

Formaður umhverfisnefndar fullyrðir að náungakærleikur og tillitssemi Seltirninga sé slík að engar áhyggjur þurfi að hafa af skertum nætursvefni, né að spörfuglar verði köttum að bráð. Að fenginni biturri reynslu deili ég ekki óskhyggju formannsins. Sé fullyrðing hans rétt, að Seltirningar séu einstaklega löghlýðnir, gerði umhverfisnefnd þeim greiða með því að setja í reglugerðina að sérhver köttur beri hálsól með símatengdum miðunarsendi. Það hjálpar umráðamönnum að virða að fullu reglur um útivist er þeir sækja ketti sína úr hvíppi og hvappi, til heimavistar yfir nóttina. Sé það hinsvegar eindregin ætlan bæjarstjórnar að sýna þessum málum fullkomið skeytingarleysi, má spyrja; Eru Nesketir komnir á helgan stall líkt og indverskar kýr?

Bæjarstjórnin taki á sig rögg og leysi málið, ekki bara til hálf

Bæjarstjórn hefir skyldum að gegna. Hún getur ekki vikið sér undan „ópægilegum“ málum.

Svona er staðan nú: Stríðaldur kettir hafa óheftan aðgang að garðfugladrápi. Hvíld og svefn mannfólks er aukaatriði. Fiðraðir gleðigjafir í gördum eru sjálfsgöð leikföng til skemmtunar hinum æðri kattastofni.

Ég trúi því að ung og fersk bæjarstjórn geti horft á hlutina í víðara samhengi!

Með því að taka upp reglugerð FJALLABYGGÐAR, ásamt kröfu um fyrrnefnt hálstau, vinnst margt!

Svona yrði staðan: Aðgangur katta að fiðruðum „leikföngum sínum“ takmarkast um 50% Fólk fær sína hvíld og réttmætan svefnfrið. Garðfuglar fá örlítið svigrúm til bjargar ungum sínum.

Ég hvet alla þá sem hafa skoðun á þessum málum að láta frá sér heyra. Hringið í bæjarskrifstofuna 5959100. Sendið tölvupóst á „postur@seltjarnarnes.is“ eða segið hug ykkar á „Íbúar á Seltjarnarnesi“ og hvetjið bæjarstjórn til dáða.

Jón Hjaltason.



Jón Hjaltason.



Frá Tónlistarskóla Seltjarnarness

Nú stendur yfir innritun í
Tónlistarskóla Seltjarnarness
fyrir skólaárið 2023-2024.
Innritunin stendur til 20. maí og
fer fram á www.seltjarnarnes.is
undir **Minar síður** í hægri horni efst.

Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans
alla virka daga frá kl. 11:00 - 15:00

Tónlistarskóli Seltjarnarness við Skólalabraut
Sími 5959-235 •
tonlistarskolinn@seltjarnarnes.is

Skólastjóri



ÍSLENSK HÖNNUN



KLAPPARSTÍG 29





AS WE GROW
WWW.ASWEKGROW.IS

Seltjarnarnesbær

Samfelld byggð frá landnáms tíð

Seltjarnarneshreppur hinn forni náði frá Gróttu, sem þá var breitt nes en ekki eyja, að Elliðaám og austur með þeim til fjalla. Hreppurinn náði þvert yfir nesið, frá Kollafirði suður í Skerjafjörð og einnig yfir eyjarnar Akurey, Engey og Viðey á Kollafirði. Ein af jörðunum á nesinu var Reykjavík þar sem stofnaður var kaupstaður árið 1786 sem skyldi verða nýr höfuðstaður Íslands. Staðarmörk kaupstaðarins í Reykjavík voru færð út nokkrum sinnum á 19. og 20. öld þannig að Seltjarnarneshreppur náði þá aðeins yfir lítið svæði yst á nesinu og einnig jörðina Kópavog fyrir sunnan Reykjavík. Síðar var Kópavogur skilin frá og eftir stendur aðeins land frá Eiði í norðri en aðeins lengra austur í suðri og út að Gróttu og Suðurness. Heimildir eru um byggð á Seltjarnarnesi frá því talið er skömmu eftir landnám. Talið er að órannsakaðar fornminjar geti leynst á Nesinu. Um er að ræða dularfulla hringi sem gætu verið leifar írskra mannvirkja frá upphafi Íslandsbyggðar.

Í kirknatal Páls Jónssonar biskups frá því um 1200 er fyrst getið um kirkju í Nesi við Seltjörn. Hún er trúlega fyrsta kirkjan sem byggð var á suðvesturhorninu eftir Víkurkirkju við Aðalstræti sem talin er hafa verið reist fljótt eftir kristnitöku. Var kirkjunni í Nesi skylt að halda prest sem sýnir að Nes var í tölu stórbýla. Kirkjan hefur átt eignir, trúlega þriðjung úr landi Ness sem var að fornu talin 120 hundraða jörð auk fleiri jarða. Kirkjan átti einnig ýmis ítök svo sem fjórðung af veiði í Elliðaánum og rekaréttindi á tveimur jörðum.

Nes var stórbýli

Árið 1703 tilheyrðu 19 hjáleigur lögbýlunum sjö á Seltjarnarnesi. Langflestar hjáleigur tilheyrðu Nesi, enda sjást yfirburðir þess gagnvart öðrum býlum á svæðinu seint á 17. öld, en þá var Nes dýrari jörð en öll önnur lögbýli í sókninni samanlagt. Forn merkjagarður á Valhúsahæð bendir þó til að byrjað hafi verið að skipta upp landi Ness fremur snemma.

Nesstofa sterk söguleg heimild

Nesstofa er ein sterkasta heimild um byggð á Seltjarnarnesi. Hún er eitt af elstu steinhúsum landsins. Hún var reist á árunum 1761 til 1765.



Grótta er þekktasta kennileiti Seltjarnarness þótt það hafi verið eyja frá 1799.

Sögulegt gildi Nesstofu verður ekki dregið í efa. Þar bjó á árunum 1763 til 1779 fyrsti landlæknir Íslendinga, Bjarni Pálsson. Hann var fyrsti Íslendingurinn sem lauk embættisprófi í læknisfræði. Hann var skipaður landlæknir 1760 og beið hans þá mikið og erfitt starf. Ásamt því að hafa umsjón með heilbrigðismálum landsins, veita sjúkum læknishjálp og hafa með höndum lyfjasölu var honum falið að annast læknakennslu, kenna ljósmæðrum og að auki að hafa eftirlit með tukthúslimum. Þrátt fyrir drepsóttir, hungur og gifurlegan barnadauða hófst Bjarni ótrauður handa. Læknaskóla starfrækti hann allan sinn starfstíma í Nesi og lyfjabúð til ársins 1772. Landlæknissetrið og starfið er eitt af því merkilegra sem gert var á Seltjarnarnesi á þeim tíma og raunar í árána rás. Nú er Nesstofa sögulegur miðpunktur á safnasvæði Seltjarnarnesbæjar.

Grótta

Grótta er fyrst nefnd í fógetareikningum frá árunum 1547 til 1552. Nafnið þykir fornlegt og benda til þess að þar hafi lengi verið búið. Á fyrri árum stóð bærinn Grótta á breiðu nesi. Árið 1703 er Grótta talin hjáleiga frá Nesi. Er jörðin alla öldina nefnd meðal átta bestu jarða Framnessins. Í Básendaflóðinu 1799 varð Grótta að eyju og var jörðin talin óbyggileg eftir það. Kveikt var á fyrsta vitanum í Gróttu þann 1. september 1897 og síðan var núverandi viti reistur árið 1947 sem hefur lýst sjófarendum síðan.

Margir útvegsbændur

Við það fór byggð að þéttast og eflast við sjávarsíðuna. Íbúum fór fjölgandi á nesinu næstu aldirnar og á fyrri hluta 18. aldar var þar einna þéttbýlast á öllu landinu. Um aldamótin 1900 hljóp mikil gróska í útgerð á nesinu og taldist hreppurinn til stærstu útgerðarstaða á landsvísu. Margir útvegsbændur voru á Seltjarnarnesi og árið 1884 áttu Seltirningar 40 sexæringa og níu



Nesstofa elsta bygging á Seltjarnarnesi undir norðurljósum.

áttæringa. Eiginlegt upphaf þilskipaútgerðar hófst 1883 til 1984. Fyrstu þilskipin voru skonnortur og á árunum 1884 og 1885 eignuðust Seltirningar átta skonnortur. Árið 1897 er tímamótaár í sögu þilskipaútgerðar á Seltjarnarnesi því þá komu tveir fyrstu enskubyggðu kúttararnir í eigu Nesbúa. Skútu- og þilskipaútgerð frá Seltjarnarnesi náði hámarki 1904. Eftir það fækkaði skipum sem gerð voru út frá Seltjarnarnesi og má segja að árið 1908 hafi verið síðasta árið í sögu skútuútgerðar á Nesinu. Ástæður þess að skútuútgerð Seltirninga fékk svo skjótan endi eru efalaust ýmsar. Stór verslunarfyrirtæki í Reykjavík keyptu skútur Seltirninga og héldu áfram útgerð þeirra. Að lokum skal á það minnst að hafnleysi og annað aðstöðuleysi í landi var útgerð Seltirninga ávallt erfitt og erfiðara eftir því sem skipin urðu stærri.

Nálægð við sjó var höfuðatriðið

Þéttbýlismyndun sem orðin er í dag á Seltjarnarnesi hófst ekki fyrir alvöru fyrr en eftir síðari heimsstyrjöldina en átti sér þó talsverðan aðdraganda. Þegar jarðabók Árna og Páls frá 1703 kom út voru 37 heimili á Seltjarnarnesi og 158 íbúar. Öll lögbýlin nema Nes og verulegur hluti hjáleiganna voru mjög nærri sjó og þau býli sem stofnuð voru á 18., 19. og fram eftir 20. öld voru flest alveg við sjávarmál. Greinilegt er að nálægð við sjó var höfuðatriðið sem haft var í huga við staðsetningu býlanna. Heimilunum á Seltjarnarnesi virðist hafa fækkað talsvert á 18. öld og í upphafi 19. aldar voru þau 20 talsins. Ekki er að sjá miklar breytingar á íbúafjölda eða fjölda bústaða á nesinu á 19. öld en um 1900 hafði heimilum á nesinu aftur fjölgað og voru þau þá 35.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX	AIR COOLING SYSTEM	LIGHT WEIGHT	ECE NORM 18-44/54
HERO	ISO FIX	ADVANCED SIDE IMPROTECTION	3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN hf

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Strandvarnarbyssur á Valhúshæð. Hernámið setti svip á Nesið á stríðsárunum.



Hringlaga garðar hafa fundist á Seltjarnarnesi. Hafa ekki verið rannsakaðir en spurningar vaknað um hvort þeir kunni að vera frá írskri byggð.

Sími, rafmagn, vatnsveita o.fl.

Eitt helsta viðfangsefni hreppsnefndar Seltjarnarness á árunum 1913 til 1931 var að meta hvort Seltirningar ættu að verða aðnjótandi ýmissa gæða, sem nágrannar þeirra í Reykjavík höfðu fengið. Má þar nefna síma, rafmagn, vatnsveitu og sjúkrasamlag. Á þessum árum voru þó skólamál eitt helsta viðfangsefni hreppsnefndar. Þrátt fyrir slæma vegi á framnesinu hófust strætisvagnaferðir þangað á árinu 1937. Fór vagn frá Lækjartorgi á hálf tíma fresti að Mýrarhúsaskóla og svo nokkrar ferðir á dag fram að Nýjabæjarhliði.

Skerðing Seltjarnarneshrepps vegna þarfa Reykjavíkur

Haustið 1942 kom fram frumvarp á Alþingi um skerðingu Seltjarnarneshrepps vegna þarfa

Reykjavíkur fyrir aukið landrými. Var hér um að ræða jarðirnar Elliðavatn, Hólm og spildu úr Vatnsendalandi. Hreppsnefndin mótmælti þessu frumvarpi og fól oddvita að fylgja því eftir. Ekki var tekið tillit til þessara mótmæla og samþykkti Alþingi lög um innlimun þessara jarða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur 14. apríl 1942. Nú eru þrír kaupstaðir innan gömlu hreppamarkanna og býr þar nær helmingur þjóðarinnar.

Framfarafélag Kópavogs tók völdin

Við hreppsnefndakosningar árið 1946 fékk listi framfarafélagsins í Kópavogi hreinan meirihluta í hreppsnefnd eða þrjá fulltrúa af fimm. Flestir fundir hreppsnefndar þetta kópavogstímabil Seltjarnarness voru haldnir á

heimili oddvita í Kópavogi. Um sumarið 1947 gengu undirskriftalistar um Nesið, þar sem farið var fram á skiptingu hreppsins í tvo hreppa. Sýslunefnd Kjósarsýslu var hlynnt málinu og lá stefnumarkandi ákvörðun Félagsmálaráðuneytis um skiptingu fyrir í nóvember 1947 og tók gildi á áramótum sama ár. Í byrjun árs 1948 er hinn nýi Seltjarnarneshreppur orðinn til. Þá bjuggu þar um 500 manns. Flestir í Lambastaðahverfi en einnig allmargir á Framnesinu. Við Tryggvastaðabraut, sem nú heitir Lindarbraut voru komin nokkur hús þar sem búið var allt árið.

Kaupstaðaréttindi samþykkt

Hinn 29. mars 1974 voru samþykkt lög frá Alþingi um kaupstaðaréttindi Seltjarnarness og skyldi hreppsnefnd stýra kaupstaðnum til bráðabirgða, þar til bæjarstjórn hefði verið kosin. Formlegur stofndagur kaupstaðarins taldist undirskriftardagur laganna sem var 9. apríl 1974. Þegar Seltjarnarnes fékk kaupstaðaréttindi voru íbúar tæplega 2500. Var nú einkum byggt í Strandahverfi, Neshverfi og á Melhúsatúni. Fyrsta meiriháttar framkvæmd Seltjarnarness sem bæjarfélags var að ljúka byggingu Valhúsaskóla. Hann var tekinn í notkun haustið 1975. Bæjarstjórnarkosningar fóru í fyrsta sinn fram á Seltjarnarnesi 26. maí 1974 og voru kosnir sjö fulltrúar. Nú búa um 4.700 manns á Seltjarnarnesi.

Heimild Seltirningabók.

Ykkar menn á Nesinu

Góð þjónusta / Fagljósmyndun / Sanngjörn sölubóknun

Ertu í huggleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur** óskráðra eigna sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur
Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is



Páll
Þórólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is



Larisa Voiyna klippir á Salon Nes

- nú getur fólk frá Úkraínu rætt við hársnyrti á móðurmálinu

Úkranska hljómar á hársnyrtistofunni Salon Nes hjá Irisi Gústafsdóttur við Austurströndina á Seltjarnarnesi. Larisa Voiyna hársnyrtir er að kippa eldri konu sem komið hefur í fylgd annarrar konu vegna fötlunar. Þær eru allar frá Úkraínu. Komnar hingað til lands vegna ástands í heimalandinu.

Larisa hefur nú hafið störf á hársnyrtistofunni. Leigir stól og starfar að því leyti sjálfstætt. Hefur góða vinnuáðstöðu. Markmiðið með því er að hún geti nýtt kunnáttu sína í þágu fólks í nýja landinu og einnig að sinna löndum sínum sem margir hafa komið hingað og sest að bæði tímabundið og til langdvalar. Margt Úkraínufólk er illa talandi á annað tungumál en móðurmál sitt en margir eru farnir að læra íslensku. Enska getur þó bjargað í sumum tilfellum en alls ekki öllum. Eftir að Larisa hóf að starfa á Salon Nes getur fólk frá Úkraínu komið og notið þjónustu þar sem móðurmál þess er í boði auk þess sem Larisa er fær fagmannur og fór fimum höndum um hár viðskiptavinar síns þá stund sem tíðindamaður stóð við á Austurströndinni.



Larisa Voiyna og Iris Gústafsdóttir fyrir utan Salon Nes á Austurströnd.

Dansgarðurinn á Dance World Cup í Portúgal



Nemendur Dansgarðsins, Óskanda á Eiðistorginu og Klassíska listdanskólans á Grensásveginum og í Mjóddinni, tóku þátt í undankeppni Dance World Cup í Borgarleikhúsinu.

Alls voru 10 atriði frá Dansgarðinum í ár og fengu allir nemendur Dansgarðsins þátttökurétt til að fara fyrir hönd Íslands í Dance World Cup sem haldin verður í borginni Braga í Portúgal í sumar, dagana 30. júní - 8. júlí. Lærdómsríkt er að taka þátt í æfingaferli sem fylgir því að taka þátt í svona keppni og skemmtilegt tækifæri að sýna á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu fyrir bæði dómara og fullan sal af áhorfendum ásamt því að hitta nemendur frá öðrum skólum landsins. Við í Dansgarðinum er mjög stolt af dansnemendunum okkar og hlökkum til að stækka sjóndeildarhringinn og keppa fyrir hönd Íslands í sumar.

LAUSAGANGA HUNDA ER BÖNNUÐ Á SELTJARNARNESI

Öll umferð hunda bönnuð á vestursvæðum
1. maí - 31. júlí vegna fuglavarps



SELTJARNARNESBÆR
UMHVERFISNEFND

Horfum á staðreyndir

Það heyrðist ýmislegt neikvætt um mig sagt eftir að ég studdi við tillögu um hækkun útsvars við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í desember 2021, en það voru þó miklu fleiri sem lýstu ánægju sinni.

Þáverandi minnihluti í bæjarstjórn, þ. e. fulltrúar Samfylkingar og fulltrúi Viðreisnar, höfðu lagt til hækkun á útsvari og studdi ég það. Ég mat það sem svo, líkt og þáverandi minnihluti, að ekki væri hægt að lofa áfram góðri þjónustu og um leið að ráðast af krafti í öll þau krefjandi verkefni sem blasa við, án þess að hækka álagningu útsvars.

Nú þegar ársreikningur síðasta árs liggur fyrir má e.t.v. helst finna að því við mig að ég hafi ekki samþykkt tillögu fyrrnefnds minnihluta um enn meiri hækkun útsvars, en tap A sjóðs Seltjarnarnesbæjar árið 2022 var um 403.000.000, fjögur hundruð og þrjár milljónir, og það þrátt fyrir ríflega 100.000.000 hækkun á útsvari.

Meirihluti Sjálfstæðismanna fór fram í síðustu kosningar með þau loforð að lækka álagningu útsvar strax á þessu ári. Það loforð til kjósenda sinna sviku þau með svipuðum rökum og ég hafði uppi 15. desember 2021 þegar útsvarið var hækkað.

Nú kallar bæjarstjóri eftir því að við snúum öll bókum saman og vinnum okkar út úr þeim vanda sem við erum í og við í Samfylkingu og óháðum erum tilbúin í þá vinnu og hlökkum til að að sjá þær hugmyndir sem meirihluti Sjálfstæðismanna hefur til að rétta við reksturinn. Það verður þó varla gert með loforði þeirra um lægra útsvar.

Bjarni Torfi Álfþórsson, bæjarfulltrúi Samfylkingar og óháðra



Bjarni Torfi Álfþórsson.

GLEÐILEGT HEILSUSUMAR!



Viridian vítamín og bætefni

Bresku vítamínin, bætiefnin, jurtirnar og olíurnar frá Viridian eru eins hrein, lífræn og náttúrleg og mögulegt er að framleiða. Án fylliefna, aukaefna, "nastis", páлмаolíu og síðferðislega unnin skv. ströngustu kröfum.



Heitir og kaldir heilsudrykkir
Bragðgóðir og úr besta hráefninu.



Úrvals húðkombó fyrir sumarið
Elexír fyrir allar húðgerðir með hylaronic og rakabúst með jurtum og kristöllum.



Ný sending!
Ripple jóga klæðnaður er að okkar mati einn sá best sniðni fyrir jóga, allskyns hreyfingu og lífið. Ný sending.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyrkingu?
- » Sjálfvirk greiðslu- og innheimtukerfi?



• EIGNAUMSJÓN

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

ÝMISLEGT ÚR DAGSKRÁNNI

Skemmtanir, heimsóknir, félagsvist og bingó.

Eins og fram kom í síðustu Nesfréttum þá var skemmtikvöldið með Grillvagninum og hljómsveitinni góðu Sóló svo vel lukkað að nú er farið að plana hvenær þeir geta komið aftur. Það er allt komið í athugun og verður auglýst um leið og hægt er. Til stóð að biða fram á haustið en nú er verið að tala um að hafa samskonar skemmtun aftur í lok maí. Þriðjudaginn 28. mars var stór og mikill dagur í sameiginlegu starfi kirkjunnar og félagsstarfsins. Tæplega 50 manna hópur eldri borgara úr Hafnarfirði heimsótti starf eldri borgara á Seltjarnarnesi þar sem yfir 50 Seltirningar mættu. Það var því þröng á þingi í safnaðarheimili kirkjunnar. Þetta var ákaflega skemmtileg stund, boðið var upp á kjúklingasúpu og brauð ásamt kaffi og tertu í eftirrétt. Ómar Ragnarsson, skemmtikraftur og sögumaður mætti. Hann sagði bæði sögur, söng og trallaði. Heimsókninni lauk svo með stuttri helgistund í kirkjunni og síðan fór presturinn í rútuna með gestunum og fóru þau hring um Nesið. Þetta sama kvöld 28. mars var svo komið að boði Lionsklúbbs Seltjarnarnes, en klúbburinn býður eldri borgurum í félagsvist einu sinni á ári. Ágætis þátttaka var og spilað á 7 borðum. Boðið var upp á veglegar veitingar í hléi og Lionsmenn voru svo með glæsileg verðlaun fyrir sigurvegara í lokin. Páskaeggjapingó var svo í safnaðarheimili kirkjunnar mánudaginn 3. apríl. Safnaðarheimilið var þétt setið, bæði börnum og fullorðnum. Spilaðar voru yfir 20 umferðir í hinum ýmsu útgáfum, bæði standandi og sitjandi. Á fimmta tug vinninga voru í boði, páskaegg í aðalvinninga og annað góðgæti. Þess má geta að þetta var í ellefta skipti sem páskaeggjapingóið er haldið og alltaf jafn vinsælt.

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ FRAMUNDAN

Föstu liðirnir eru á sínum stað og tíma, þó er vert að geta þess að tvisvar í viku er jóga/leikfimi í salnum á Skólalbraut þ.e. alla mánudaga og fimmtudaga kl. 11.00. Alla föstudaga er söngstund í salnum kl. 10.00. Þar eru sungin fjölbreytt og skemmtileg lög undir stjórn Bjarna Hreinssonar. Alla þriðjudaga er svo skemmtileg samvera í aðstöðu Nesklúbbsins á Austurströnd 5, kl. 10.30 þar sem Steinbaugur, íþróttastjóri Nesklúbbsins býður upp á ýmsar góðar æfingar áður en farið er að þútta. Hópurinn hefur farið stækkandi milli vikna og er almenn ánægja með þetta góða framlag. Alla mánudaga og miðvikudaga kl. 13.00 koma handverkskonur saman í salnum á Skólalbraut. Fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði spilum við félagsvist og annan fimmtudag í mánuði spilum við bingó. Alla virka morgna er kaffirókur frá kl. 9.00 á Skólalbraut. Ofangreind dæmi úr liðum dagskrárinnar eru öllum eldri borgurum á Seltjarnarnesi opin og eru allir hjartanlega velkomnir eins og í alla aðra dagskrá félagsstarfsins. Af gefnu tilefni má geta þess að eldri borgarar geta skráð sig í hádegismat alla virka daga á Skólalbraut.

VARDAN

Varðan kvennadeild slysavarnafélagsins býður eldri íbúum í félagsvist fimmtudagskvöldið 27. apríl kl. 19.00 í salnum á Skólalbraut. Í hléi er boðið upp á veitingar í boði félagskvenna sem einnig sjá um verðlaun sigurvegara. Hvetjum fólk til að fjölmenna og taka með sér gesti.

HANDVERKSSÝNING

Þess má geta að handverkssýningin sem öllu jafna er síðustu helgina í maí verður nú helgina 10. og 11. Júní. Sýningin verður í salnum á Skólalbraut og verður opin milli kl. 11.00 og 17.00, og eins og venjulega verður boðið upp á vöflukaffi. Margt fállegra muna verður á sýningunni sem unnið hefur verið að í allan vetur. Nánar um sýninguna í næsta blaði.

SUMARFERÐ

Undirbúningur vegna árlegrar sumarferðar er í fullum gangi. Fyrirhuguð dagsetning er 13. Júní og farin verður dagsferð vestur á Snæfellsnes. Nánari upplýsingar um viðkomustaði, tímasetningu, skráningu, verð og annað fyrirkomulag verður í næsta blaði. Settar verða upp auglýsingar, upplýsingar á fb síðuna, Moggann og mbl.is. Allir aðrir dagskrárlíðir eru á sínum stað á sínum tíma samkvæmt gula dagskrárblaðinu. Dagskráin birtist alla daga í Morgunblaðinu og inni á fólk/félagsstarf, svo eru upplýsingar settar inn á fb síðuna Eldri borgarar á Seltjarnarnesi. Einnig er hægt að nálgast allar upplýsingar í aðstöðu félagsstarfsins á Skólalbraut 3-5, og í síma 5959 147/893 9800.

BÓKAÐ MÁL

Sérstaða



Loftræstingin er biluð og það er heitt eins og í spænskum strætisvagni á bókasafninu. Ég losa um bindið og þamba stofuheitt vatn, þyrfti helst að vera í stuttbuxum. Leikskólabörnin eru ekki jafn dúðuð og venjulega og annar hver gestur er með glampandi sólgleraugu á nefbroddinum. Það er komið sumar á dagatalinu og aldrei þessu vant byrjar það bara ágætlega.

Kona í litríkum lopakjól leggur bókastafla á afgreiðsluborðið. *Hvernig var?* spyr ég þegar ég sé að bækurnar eru allar eftir gesti nýliðinnar Bókmenntahátíðar. *Misgott en alveg yndislegt!* segir hún hátt áður en hún setur upp sólgleraugu og gengur hnarreist út í sumarið. Já, hugsa ég, það er ágætis orðalag.

Misgott en alveg yndislegt!

Það er alltaf jafn merkilegt að sjá hvernig hægt er að lokka hingað til lands heimsfræga listamenn í hrönnum á hátíðir eins og Bókmenntahátíð í Reykjavík sem haldin var um síðustu helgi og hefur líklega aldrei verið jafn stjörnum prýdd. Erlendir verðlauna- og metsöluhöfundar heiðruðu okkur með nærveru sinni og það er leitun að samfélagi á stærð við Ísland sem getur stillt upp annarri eins dagskrá.

Hér hjálpar hin títtnefnda sérstaða Íslands. Við erum ennþá þekkt fyrir að vera hipp og kúl og spennandi staður til að heimsækja. Ef rithöfundur þarf að velja á milli tilboða um að koma til Íslands á bókmenntahátíð eða til Arlington í Texas er Ísland, að hinu ágæta Texasfylki ólöstuðu, líklega meira spennandi áfangastaður í augum flestra sem eru vanir að flakka á milli keimlíkra hátíða af þessu tagi. Þetta er auðvitað ástæðan fyrir því hversu auðvelt við Íslendingar eigum með að koma okkur á framfæri erlendis, við erum eitthvað öðruvísi, eitthvað framandi og áhugavert.

Nú er ferðamannasumarið að hefjast hjá okkur og þau sem þekkjja til spá því að það verði af stærri gerðinni. Hið dularfulla og framandi Ísland höfðar víst ekki bara til rithöfunda. Það er því ágætt að muna þegar blessaðir túristarnir flæða hér yfir allt, sármóðgaðir yfir því að sjá ekki norðurljósin í júní, að fólk er, alveg eins og dagskráin á Bókmenntahátíð, misgott en alveg yndislegt.

TRYGGVISTEINNSTURLUSON

Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarnes

Verkefnin kalla á okkur

Nú er bráðum eitt ár liðið síðan við Seltirningar gengum til kosninga og kusum okkur nýja bæjarstjórn. Það þýðir að um 1/4 af kjörtímabilinu er liðinn og hveitibrauðsdagar nýrra stjórnenda bæjarins að baki. Fyrir í mánuðinum afgreiddi bæjarstjórn fyrsta ársreikning sinn fyrir árið 2022 en hann skilaði halla upp á 344,8 milljónir og er því samanlagður hallarekstur bæjarsjóðs síðastliðin 6 ár kominn upp í 1.800 milljónir. Halli ársins 2022 er tilkominn þrátt fyrir útsvarshækkunina frægu sem klauf meirihluta Sjálfstæðismanna og því ljóst að lítið svigrúm er fram undan til skattalækkana sem Sjálfstæðismenn lofuðu í kosningum samhliða uppbyggingu nýs leikskóla.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Þetta er allt kunnuglegt stef frá síðasta kjörtímabili og í raun endurómur af kosningabaráttu síðasta vors þar sem við í Samfylkingu og óháðum hömrúðum á þeirri staðreynd að ekki væri hægt að lofa skattalækkunum samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem fíbur kalla eftir.

Í vetur höfum við í Samfylkingu og óháðum heimsótt stofnanir og samtök í bænum og heyrð ákall um aukið viðhald og endurbætur á skólabyggingum, íþróttamannvirkjum, Eiðistorgi, skólalóðum og félagsheimili bæjarins svo nokkur dæmi séu tekin. Alls staðar heyrum við það sama, bærinn hefur verið að yta á undan sér viðhaldi og framkvæmdum árum saman vegna skorts á fjármunum á sama tíma og meirihlutinn flytur langar ræður um að reksturinn sé í góðum málum.

Þörf á aðgerðum

Þetta er því miður staðan og brýnt að við sem kjörin vorum í bæjarstjórn biðum ekki lengur með að leita allra leiða til að leysa rekstrarvanda bæjarins með fjölbreyttum lausnum. Síðastliðið haust lögðum við í Samfylkingu og óháðum til að við myndum taka upp sömu útsvarsprösentu og er í nágrannasveitarfélögum okkar Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ en sú tillaga myndi skila árlega um 150 milljónum til sveitarfélagsins. Þeirri tillögu höfðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins.

Nú í vor munum við leggja fram aðra tillögu um að vinna skipulag á lifandi og öflugum miðbæ á Seltjarnarnesi en með því getum við eftt miðbæjarsvæðið, selt lóðir til að minnka skuldetningu og fjölgað íbúum og fasteignum sem bærinn fær tekjur af. Við vonum að þessi mikli halli á ársreikningi 2022 verði til þess að Sjálfstæðismenn séu tilbúnir að samþykkja tillöguna og að þau komi með okkur í það verkefni að ná jafnvægi á rekstur bæjarins.

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Oddviti Samfylkingar og óháðra á Seltjarnarnesi

Jón Thor sýnir í Gallerí Gróttu

Jón Thor Gíslason myndlistarmaður opnaði sýningu í Gallerí Gróttu í liðinni viku. Sýninguna nefnir hann Heimur og sýnir nokkur verka sinna – málverk og teikningar.



Viðfangsefni hans er manneskjan sem sjálfsvera og sú firring sem lengi hefur átt sér stað gagnvart henni. Jón segir í fréttatilkynningu að nálgast beri verkin á líkamlega sjónrænan hátt. Þannig megi lifa listaverkið milliliðalaust sem persónubundna reynslu sem eigi sér stað.

Jón Thor lauk námi frá Staatliche Akademie der Bildenden Künste in Stuttgart 1994. Sýningin stendur til 13. maí nk.

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

HRADI



ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



**Útfararþjónusta
í yfir 70 ár**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Tvö lið í bikarúrslitum

Gróttu var með tvö lið í úrslitum Powerade-bikars HSÍ helgina 17. – 19. mars. 6. flokkur karla yngri lék gegn Haukum og 5. flokkur kvenna eldri lék gegn Val.

6. flokkur karla yngri

Eftir virkilega flottan leik voru það Haukar sem unnu með minnsta mögulega mun, 9-10 í úrslitaleik bikarsins hjá 6. flokki karla yngri. Strákarnir okkar stóðu sig vel og geta heldur betur verið sáttir með sinn leik þó að andstæðingurinn hafi verið sterkari í dag.

5. flokkur kvenna eldri

Stelpurnar í 5. flokki kvenna eldri tóku þátt í úrslitaleik í Powerade-bikarnum gegn sterku Valsliði í gær. Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleiknum og var aðeins tveggja marka munur í hálfleik. Gróttustelpur náðu ekki að fylgja eftir góðum fyrri hálfleik og vann Valur með sjö marka mun, 13-20. Stelpurnar stóðu sig frábærlega og var þetta gríðarlega skemmtileg upplifun og reynsla fyrir þær.

Sannarlega frábærir krakkar sem eru í yngri flokkum Gróttu.



Páskahandboltaskóla Gróttu

Í dymbilvikunni fór fram Páskahandboltaskóli Gróttu. 74 krakkar á aldrinum í 1. - 6. bekk mættu á námskeiðið og höfðu gagn og gaman af.

Þjálfarar í Páskahandboltaskólanum voru þjálfarar yngri flokka félagsins ásamt því að þjálfarar meistaraflokkanna, þeir Róbert Gunnarsson og Sigurjón Friðbjörn Björnsson komu og leiðbeindu krökkunum okkar. Skólinn heppnaðist vel og greinilegt að krakkarnir eru ólmir í að bæta sig.



Maks heldur á vit nýrra ævintýra

Maksim Akbachev, yfirþjálfari barna- og unglingastarfs Gróttu í handknattleik, hefur fengið stórt tækifæri sem þjálfari í Bahrain. Þar mun hann vinna að þróun og þjálfun á landsliðsmönnum þeirra ásamt því að þjálfa unglingalandslið þeirra fyrir heimsmeistaramótið í sumar. Maks hélt utan um páskana.

Maks hefur stýrt þremur flokkum á þessu keppnistímabili sem allir hafa nú fengið nýja öfluga þjálfara.

“Ég hef ákveðið að fljúga á vit ævintýranna eftir 3 frábær ár hjá Gróttu. Ákvörðunin var alls ekki auðveld því hér hefur mér liðið mjög vel við þjálfun og í hlutverki yfirþjálfara. Ég vil þakka öllum iðkendum, þjálfurum, foreldrum og öðrum innilega fyrir samstarfið og fyrir mig – ég hlakka til að fylgjast áfram með ykkur!”

Gróttu þakkar Maks frábært samstarf

Maks hefur starfað við þjálfun hjá Gróttu síðan 2020 og undanfarin tvö ár sem yfirþjálfari við góðan orðstír. Þekking hans á íþróttinni er með eindæmum mikil og hæfileiki hans til að miðla henni til iðkenda á öllum aldri framúrskarandi. Maks er mikill liðsmaður og það hefur verið virkilega gaman að vinna með honum undanfarin ár. Stemningin í handboltanum og húsinu hefur verið mjög góð undir hans stjórn og við þökkum honum af öllu hjarta fyrir frábært samstarf, drifkraft og liðsanda – dyr Gróttu standa honum alltaf opnar!

Staða yfirþjálfara barna- og unglingadeildar Gróttu í handknattleik er nú laus og er leitin að eftirmanni Maks hafin.

Barna- og unglingaráð handknattleiksdeildar Gróttu.



Orri Steinn markahæstur í undankeppni EM

Orri Steinn Óskarsson endaði sem markahæsti leikmaðurinn í undankeppni U19 liða fyrir Evrópumótið sem fer fram á Möltu í júlí.

U19 ára landsliðið tryggði sér þátttökurétt á lokakeppni Evrópumótsins með sigri gegn Ungverjalandi á þriðjudag og skoraði Orri Steinn fyrra markið í 2-0 sigri gegn Ungverjum á 67. mínútu. Orri skoraði í öllum þremur leikjum milliriðilsins og skoraði hann alls sex mörk í undankeppninni og er hann markahæstur í henni ásamt tveimur öðrum. Knattspyrnudeild Gróttu er gríðarlega stolt af Orra og óskar honum innilega til hamingju með árangurinn. Tveir aðrir Gróttumenn voru einnig í U19 ára landsliði Íslands, þeir Arnar Númi Gíslason og Arnar Daníel Aðalsteinsson sem spila með meistaraflokki Gróttu. Knattspyrnudeild Gróttu er ansi hreykið yfir því að eiga þrjá glæsilega fulltrúa í liðinu.



GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170



Þeir fengu viðurkenningar

Í lok mars fór fram ársþing UMSK í veislu Golfklúbbsins Odds. Þingið var vel sótt. Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ veitti fjórum sjálfboðaliðum sambandsins starfsmerki UMFÍ og eitt af þeim fékk Bjarni Torfi Álfþórsson úr Gróttu. Bjarna Torfa þekkjast allir sem hafa komið nálægt Gróttu undanfarna áratugi. Hann hefur meðal annars verið formaður Handknattleiksdeildar Gróttu, formaður félagsins í tvisgang, leikið með félaginu, verið þjálfari og sinnt ómetanlegu sjálfboðaliðastarfi í félaginu.

Á þinginu voru fjölmargar heiðraðir á vegum UMSK, svo sem íþróttakarl og íþróttakona ársins og lið ársins en einnig merki sambandsins. ÍSÍ var einnig með heiðraðir en eitt af þeim hlaut Kristján Guðlaugsson en hann hlaut silfurmerki ÍSÍ fyrir sjálfboðaliðastarf fyrir Gróttu undanfarna áratugi. Kristján var formaður Handknattleiksdeildar Gróttu í fjölmörg ár, lék með félaginu og hefur sinnt ómetanlegu sjálfboðaliðastarfi fyrir handboltann í Gróttu.

Bæði Bjarni Torfi og Kristján hafa hlotið gullmerki Gróttu fyrir sín störf fyrir félagið. Undanfarin ár hafa þeir verið á ritaraborðinu á meistara-flokksleikjum Gróttu í handboltanum.

#Takkstrákar

Á ársþinginu var einnig veitt gullmerki ÍSÍ en okkar maður Lárus B. Lárusson sem situr bæði í stjórn UMSK og UMFÍ hlaut það. Lárus vann mikið og óeigingjarnt starf fyrir handboltann í Gróttu á sínum tíma og var í stjórn barna- og unglingaráðs handknattleiksdeildar Gróttu um árabíl.

Handknattleiksdeild Gróttu óskar sínum mönnum hjartanlega til hamingju með þessar verðskulduðu viðurkenningar.



Bjarni Torfi Álfþórsson fyrir miðju.



Kristján Guðlaugsson þriðji frá hægri.



Lárus B. Lárusson þriðji frá vinstri.

SUMARNÁMSKEIÐ GRÓTTU 2023



- AFREKSSKÓLI HANDBOLTANS
- FIMLEIKA- OG LEIKJASKÓLI
- HANDBOLTASKÓLI
- HÓPFIMLEIKANÁMSKEIÐ
- KNATTSPYRNUSKÓLI
- LEIKJANÁMSKEIÐ
- SMÍÐAVÖLLUR
- SURVIVOR NÁMSKEIÐ
- ÆVINTÝRANÁMSKEIÐ

Skráning hefst á www.grotta.is/sumar-2023 föstudaginn 28. apríl kl. 12:00

grotta.is



www.systrasamlagid.is



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði


Gluggaskipti og glerjun

- Íslenskur húsasmíðaverkaki með íslenskum smíðum.
- Sérhæfing í gluggaskiptum og glerjun. Gæða vottaðir timbur/ál gluggar.
- Hægt er að fá tilboð í nýja glugga ásamt ísetningu í heildarþakka þar sem við sjáum um ferlið frá upphafi til enda.

Hafa samband Kobbi: 845 9596.
Heimasíða: www.jeiriks.com



DAGSKRÁ MAÍ 2023



19. apríl – 13. maí

GALLERÍ GRÓTTA SÝNING

Jón Thor Gíslason
listmálari sýnir **Heimar**.



2. – 31. maí

PÓKEMON RATLEIKUR

20 pókemonar eru í felum á safninu, getur þú fundið þá alla? Þátttökuverðlaun!



8. maí kl. 19:30 - 20:30

BÓKMENNTAKVÖLD ÚTIVIST

Jónas Guðmundsson
leiðsögumaður, landvörður og ferðamálafræðingur og höfundur bókanna **Gönguleiðir á Reykjanesi** og **Gönguleiðir á hálendinu** kynnir gönguleiðir á Reykjaneskaga.



8. maí kl. 20:00 - 22:00

SELGARNANES OG NÁGRENNI

Áhugafólk um hannyrðir hittist, hjálpast að og deilir hugmyndum. Nánar á FB: **SelGARNanes og nágreppi**.



8. maí

ALPJÓÐLEGUR DAGUR FARFUGLANNA

Þekkir þú fuglana í umhverfi þínu? Á bókasafninu getur þú hlustað á hljóð ýmissa garðfugla – Aldrei að vita nema einhverjir þeirra séu að „hreiðra“ um sig í garðinum þínum.



10. maí kl. 17:00 – 17:30

SÖGUSTUND

FYRIR YNGSTU BÖRNING

Lesnar verða sögurnar **Elsku besti pabbi** eftir Björk Bjarkadóttur og **Múmínsnáðinn og vorundrið** eftir Tove Jansson.



11. maí kl. 17:30 – 18:00

TÓNSTAFIR JASSTRÍÓ



Kennarar í tónlistarskólanum þau **Jón Óskar Jónsson, Helga Laufey Finnbogadóttir** og **Guðjón Steinar Þorláksson** leika ljúfan jass úr ýmsum áttum.



17. maí kl. 17:00 – 18:30

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

Anna Álfheiður Brynjólfssdóttir opnar sýningu sína **Litrof**. Sýningu lýkur 3. júní.



27. maí kl. 11:00-14:00

FÖNDURFJÖR

Sæunn barnabókavörður býður börnum og fjölskyldum þeirra upp á skemmtilegt föndur.



8. júní

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

Þóra Björg Eiríksdóttir opnar sýningu sína **Fjölröddun**. Sýningu lýkur 15. ágúst.



9. júní kl. 11-12

ALPJÓÐLEGI JÓGADAGURINN

Jógastund og kennsla í Gallerí Gróttu í boði Indverska sendiráðsins í tilefni dagsins.



Opnunartími: Mán. – fim. 10 – 18:30, fös. 10 – 17 og lau. 11 – 14

ATH! SUMARLOKUN! LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM 1. JÚNÍ – 31. ÁGÚST

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Bókasafn Seltjarnarness



**Bókasafn
Seltjarnarness**